

**Nr. 050 / 13 Fjóla GK 121****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1516  
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast  
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.  
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m  
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m  
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 15. maí 2013 var Fjóla GK 121 á siglingu á Hvalfirði. Veður: NNA 8 m/sek.

Bilun kom upp í glussakerfi svo báturinn varð vélarvana og hafði skipstjóri samband við útgerð. Útgerðarmaður hafði samband við VSS sem kallaði út björgunarbát til að draga Fjólu til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að bilunin varð í tvöfaldri vökvaprýstingsdælu, drifinni af vélinni, sem hélt uppi þrýstingi fyrir vindubúnað bátsins enhafði ekki áhrif á siglingarhæfni hans. Hins vegar var talið ráðlegt að hafa vélina ekki í gangi þar sem vökvaprýstingsdælan hefði getað skemmst;
- að vökvaprýstingsdælan var beintengd við aflúttak á vélinni og snýst því á meðan vélin er í gangi. Leki hafði komið að öxulfóðringu í stærra dæluholfinu og við skoðun fannst að einn af fjórum hersluboltum (stangarboltar) var forskrúfaður svo slaknað hafði á pakkdósinni;
- að skipt var um skemmda boltann án þess að huga frekar að orsökum þess að gengjurnar á boltanum höfðu gefið sig.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu. Sjá mál 069/13 um grunn orsök.